

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. Brynju Daggar Ingólfssdóttur
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 18. nóvember 2021
UST202111-134/S.F.
08.25.02

Efni: Varp í hafið vegna dýpkunar á Grynslunum utan við Hornafjarðarós

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er eftir leyfi til varps í hafið vegna dýpkunar í innsiglingarrennu á Grynslunum utan við Hornafjarðarós. Áætlað magn dýpkunarefna er um 30.000 m³ og verður því varpað í hafið á losunarsvæði sem er á 12-14 m dýpi utan við Grynslin og hefur áður hefur verið notað vegna dýpkunar. Með erindi sveitarfélagsins fylgdu einnig yfirlitsmyndir sem sýna dýpkunarsvæðið og losunarsvæðið og jafnframt upplýsingar um kornastærð dýpkunarefna í fyrri dýpkunum þar sem efnið hefur að mestu verið sandur, sjá einnig minnisblað Vegagerðarinnar dags. 11. nóvember 2021. Samkvæmt leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis er ekki krafist mælinga á mengunarefnum í dýpkunarefni ef yfir 75% efnisins er sandur eða grófkornóttara.

Í erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að nauðsynlegt er að fara í dýpkunina til að tryggja siglingar vegna loðnuvertúðar sem er að hefjast og því óskað eftir að erindið verði afgreitt eins hratt og auðið er.

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um framangreint erindi í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við erindið.

Með hliðsjón af framansögðu og umsögn Hafrannsóknastofnunar veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til að varpað verði í hafið allt að 30.000 m³ af dýpkunarefni vegna dýpkunar í innsiglingarrennu á Grynslunum í samræmi við lýsingu framkvæmdaraðila með eftirfarandi skilyrðum:

1. Umhverfisstofnun verði tilkynnt um upphaf og lok dýpkunar.
2. Halda skal verkskrá um dag- og tímasetningu, hnit og rúmmál varps innan losunarsvæðis og skila til Umhverfisstofnunar innan mánaðar eftir lok verks.

3. Verði fyrirjáanlegar breytingar á verkinu skulu þær breytingar tilkynntar fyrirfram til Umhverfisstofnunar sem metur hvort þörf er á nýrri umsókn um varp í hafið.

Brot gegn skilyrðum þessum kunna að varða viðurlögum samkvæmt 25. gr. og/eða sektum samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst,

Sigurrós Friðriksdóttir
sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Afrit: Hafrannsóknastofnun, Vegagerðin